

Kveðja frá forstjóra

Mjólkurefirlit og rannsóknarstofa hjá MS frá 1. júlí

- Liður í að styrkja gæðaeftirlit í mjólkurframleiðslu, iðnaði og dreifingu frá búi í búið
- Mjólkursamsalan ræður dýralækni til stuðnings við mjólkurefirlitsmenn
- Verður fylgt eftir með nýjum viðskiptaskilmálum við framleiðendur sem ætlað er að treysta enn frekar gæði framleiðslunnar

Gerð hefur verið breyting á skipulagi mjólkurefirlits og rannsóknarstofu þannig að frá 1. júlí verður þessi starfsemi hluti af heildargæðakerfi Mjólkursamsölnunnar. Fram til þess dags var rekstrarþáttur starfseminnar vistaður hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði, en fagleg stjórnun og starfsmannahald var undir umsjón gæðastjóra Mjólkursamsölnunnar.

Nýlega var sett af stað heildarendurskoðun á gæðakerfum Mjólkursamsölnunnar, sem ná frá umsjón afhendingu mjólkur á kúabúum í gegnum vinnsluþátt MS og allt út í verslanir og aðra vörudreifingu. Skrefið, sem stigið var með skipulagsbreytingunum 1. Júlí, er liður í þessari endurskoðun. Hún hefur í sjálfu sér ekki bein áhrif á framleiðendur að öðru leiti en því að stjórnarsýsla á að verða skýrari. Til



stendur að auka innbyrðis samstarf mjólkurefirlitsmanna til að nýta í þágu bænda þá miklu þekkingu sem þeir búa yfir og ólíka menntun og bakgrunn.

Til að styrkja þetta starf hefur Mjólkursamsalan ráðið til starfa Jarle Reiersen, dýralækni sem hefur verið framleiðslustjóri Reykjagarðs, dótturfélags SS. Hann verður beinn þátttakandi í mjólkurefirlitinu og samskiptum við framleiðendur. Þekking hans á dýralækningum og gæðaeftirliti í matvælaframleiðslu munu verða mjólkurefirlitsmönnum mikill styrkur. Hann verður leiðandi og virkur þátttakandi í því að móta nýjar gæðakröfur til mjólkurframleiðslunnar og fylgir eftir frávikum sem þar verða. Loks er gert ráð fyrir því að hann þrói með mjólkurefirliti og mjólkurvinnslu ráðgjöf um betri framleiðsluhætti.

Jarle er búfræðingur og dýralæknir frá Noregi. Hann hefur starfað þar sem dýralæknir, mest með kúabændum, bæði í fullu starfi og í sumarafleysingum allt til dagsins í dag. Jarle var dýralæknir alifuglasjúkdóma hjá MAST um 13 ára skeið og tók þátt í að byggja upp ný eftirlits og gæðakerfi í alifuglaræktinni. Frá 2007 hefur hann verið framleiðslustjóri Reykjagarðs og verið ábyrgur fyrir innleiðingu gæðastaðla þar sem markvisst hafa bætt árangur. Jarle hefur starfað sem afleysingadýralæknir í Noregi á sumrin flest ár frá 1995 og mest unnið þar með kúabændum sem fyrr segir.

Íslenskir mjólkurframleiðendur hafa náð verulegum árangri í bættum gæðum undanfarna áratugi. Umræða um nýtt átak á þessu sviði hófst á fyrri hluta árs 2012 á deildafundum Auðhumla þar sem Egill Sigurðsson, stjórn-

arformaður félagsins, vakti máls á því að dýrmætasta eign félagsmanna Auðhumlu væri það mikla traust sem neytendur hér bera til íslenskrar mjólkurframleiðslu. Hann áréttaði að mikilvægt væri að styrkja þetta traust með markvissum vinnubrögðum.

Það má segja að tvennt hafi undirstrikað mikilvægi þess að skerpa enn á þessari vinnu. Annars vegar er breytt reglugerðarumhverfi matvælavinnslunnar. Með yfirtöku evrópureglugerða hefur ábyrgð verið velt yfir á matvælaframleiðendur og ábyrgð á öryggi framleiðsluvara er ekki lengur hjá eftirlitsaðilum. Reglugerðir kveða minna á um að hlutina eigi að gera með ákveðnum hætti og meira um ábyrgð vinnsluaðila. Á ábyrgð matvælaframleiðenda sjálfra að tryggja matvælaöryggi framleiðsluvara sinna með því að sannreyna að vörur frá birgjum séu í lagi þ.e. bæði hráefni og umbúðir, að birgjar framleiði við viðunandi aðstæður og með því að tryggja að hættu á mengun sé lágmarkuð eða útilokuð.

Hins vegar komu upp mál tveggja framleiðenda, sem misstu söluleyfi í vetur. Viðbrögð neytenda við þeirri umræðu undirstrikaði mikilvægi þess að fyriræki bænda hefðu skýrar reglur og gerðu kröfur um aðbúnað og aðstöðu auk þeirra krafna sem gerðar eru um hámarkslíftölu og gerlatölu.

Auðhumla hefur því unnið að því að styrkja gæðastarf og gæðakröfur með framangreindum skipulagsbreytingum og með því að undirbúa nýja viðskiptaskilmála milli framleiðenda og vinnslunnar þar sem gert er ráð fyrir auknum kröfum um aðbúnað og aðstöðu. Í þessari vinnu hafa Auðhumla og SAM haft náið samráð og samvinnu við Landssamtök kúabænda. Gert er ráð fyrir að fyrstu



drög nýrra viðskiptaskilmála verði tilbúin í haust og verði kynnt á haustfundi fulltrúaráðs Auðhumlu. Markmiðið er að hafa kröfur sem fram koma í slíkum skilmálum skýrar og einfaldar og gefa framleiðendum hæfilegan aðlögunartíma að því sem gæti orðið íþyngjandi. Meðal annars er horft til þeirrar vinnu að gæðamálum sem fram hefur farið í Skandinavíu undanfarin ár.

Framtíð íslenskrar mjólkurframleiðslu byggir í senn á aukinni hagkvæmni og sterkri gæðai mynd. Ef sótt verður að íslenskum framleiðendum með aukinn innflutning er sterk gæðai mynd og traust neytenda besta vörnin. Skilningur framleiðenda á þessum meginþáttum kom skýrt fram á fulltrúafundi Auðhumlu í Reykjavík síðastliðið haust og meðal annars í því ljósi hefur þessi vinna verið leidd áfram.

13-17% hækkun á verði fyrir umframmjólk frá 1. júlí

Stjórn Auðhumlu ákvað nýtt verð fyrir umframmjólk frá 1. júlí. Verðið hefur hækkað um 13-17% frá því í apríl og verður kr. 47 fyrir sem svarar fyrstu tveimur prósentum af greiðslumarki hvers og eins og kr. 42 fyrir aðra umframmjólk. Gert er ráð fyrir því að nýtt verð verði ákvarðað frá og með 1. október og geti hækkað eða lækkað eftir aðstæðum á markaði fyrir útfluttar mjólkurafurðir.

Fyrstu sex mánuði ársins var umframmjólkurframleiðslan innan við 200 þúsund lítrar á landinu öllu. Ríflega 90% umframmjólkur fellur til í október, nóvember og desember. Framleiðsla umfram þarfir innanlandsmarkaðar er hins vegar mest á vormánuðum og þá framleiðir MS mest af undanrennudufti og smjöri til útflutnings. Söluandvirðinu af því, að frádregnum beinum útlögðum kostnaði, er síðan deilt til bænda í samræmi við umframmjólkurframleiðsluna eins og hún verður að mestu á síðasta ársfjórðungi.

Mjólkursamsalan stillir því tilkynnt umframmjólkurverð af á hverjum tíma með hliðsjón af framleiðslunni og því sem fæst fyrir hana í alþjóðamarkaði og með hliðsjón af horfum á alþjóðamarkaði næstu mánuði. Markmiðið er að hafa náð að stilla verðið þannig af í gegnum árið, og einkum á síðari helmingi ársins, að félagið geti gert upp og skilað til framleiðenda afkomunni af útflutningi á árinu. Sveiflur á heimsmarkaðsverði hafa áhrif á verðlagninguna hverju sinni en verðlagningin stýrist fremur af raunverulegri sölu á afurðum en verðsveiflum sem hafa í sögulegu samhengi oft staðið mjög stuttan tíma.



Þegar Mjólkursamsalan selur afurðir á heimsmarkaði hefur hún einnig í huga stöðu á innanlandsmarkaði. Í vor byggði félagið til dæmis upp óvenju miklar birgðir af undanrennudufti og smjöri vegna þess að sala á innanlandsmarkaði hafið verið sterk á sama tíma og framleiðsla innanlands hafði dregist saman og óvissa ríkti um hefynd á mikilvægum framleiðsluvæðum. Við þessar kringumstæður taldi félagið mikilvægt að hafa öryggis

birgðir tímabundið meiri en venjulega. Það væru mun ríkari hagsmunir fyrir framleiðendur en nokkrir aurar í umframmjólkurverði sem fengist á erlendum markaði. Þetta ástand stóð aðeins í nokkrar vikur og félagið er að selja þetta undanrennuduft og smjör á mjög góðu verði í dag.

Breytingum miðar vel á Selfossi og Akureyri


Um þessar mundir standa yfir umfangsmestu breytingar í marga áratugi á tveimur stærstu vinnslustöðvum Mjólkursamsölnunnar, á Selfossi og á Akureyri.



Á Selfossi er verið að byggja upp langstærstu mjólkurpökkun á landinu. Þegar því lýkur verður um helmingur allrar mjólkurframleiðslunnar unnin á Selfossi, eða um 60 milljónir lítra. Þar er búið að setja upp flestar pökkunarvélar fyrir drykkjarmjólk. Síðasti áfanginn verður í haust þegar hætt verður mjólkurpökkun í Reykjavík og vélar fluttar þaðan austur.

Nú er unnið að því að koma fyrir færriböndum og róbótum sem sjá um vélræna frátöku frá mjólkurpökkuninni. Gert er ráð fyrir að framleiðslan fari beint á bíla og til dreifingar frá Reykjavík. Áætlað er að mjólkurpökkun á Selfossi verði komin í fullan gang í september. Á myndinni sést hvar tæknimenn eru að koma fyrir færriböndum við eina af nýju mjólkurpökkunarvélunum. Færriböndin flytja framleiðsluna yfir í sal þar sem þrjú róbótar stafla fernum í vagna og frátakan þar verður því algerlega vélvædd.

Til Selfoss hefur verið flutt skyrpökkunarvél frá Akureyri, en framleiðsla KEA skyrar færðist suður í vor. Ný vél til pökkunar á ýmis konar dósavörum kemur síðan til Selfoss uppúr næstu áramótum. Griðarmikla vinnu er búið að leggja í endurnýjun ýmis konar stoðkerfa sem voru úr sér gengin á





Selfossi. Þar á meðal er rafmangsinntak, allt þvottakerfi stöðvarinnar og kælikerfi. Mjólkurvinnsla þarf mikið kæli- vatn og bæjarkerfið á Selfossi annaði vart þörfum stöðvar- innar þar. Því var brugðið á það ráð að bora tvær holur í lóð vinnslustöðvarinnar og þar fengust upp allt að hálf milljón lítra á dag af fjögurra gráðu heitu vatni, sem er nýtt á kælikerfi stöðvarinnar.

Á Akureyri er verið að undirbúa að setja niður nýja ostaframleiðslu. Fyrir var búið að endurnýja forvinnslutæki og gerjunarfilmupökkun. Nú eru ostunartankar og nýjar pressur komnar til Akureyrar og verið að undirbúa að setja

tækin niður. Í leiðinni er allt framleiðslurými á aðalhæð endurskiplagt og endurbætt og byrjað er að undirbúa að setja tækin niður. Gert er ráð fyrir að ostaframleiðslan á Akureyri stöðvist í 5-6 vikur í ágúst og september meðan verið er að ljúka verkinu. Að því loknu verður á Akureyri fullkornasta ostavinnsla sem sett hefur verið upp hér á landi og nær allur búnaður nýr. Á meðfylgjandi mynd sést hluti tækjanna í nýju ostavinnsluna sem þegar er komin til Akureyrar.

Auk endurnýjunar ostavinnslunnar á Akureyri eru hafnar framkvæmdir við viðbyggingu kæli dreifingarstöðvarinnar þar. Jarðvegsskipti eru vel á veg komin og byrjað að undirbúa tengingar við húsin sem fyrir eru.

Óhætt er að segja að þessar framkvæmdir eru umfangs- mestu breytingar í íslenskum mjólkuriðnaði um langt árabil. Þegar þeim lýkur verður íslenskur mjólkuriðnaður tæknilega mjög vel í stakk búin.

Með sumarkveðju,

Einar Sigurðsson, forstjóri

